

## BÆJANÖFN O.FL.

Árið 2002 tók örnefnanefnd - samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum - við tilkynningum um eftirgreind nöfn nýbýla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Árgerði. Úr landi Árbæjarhjáleigu I í Holta- og Landsveit / Rangárþingi ytra.

Berghóll. Úr landi Bergstaða í Biskupstungnahreppi / Bláskógabyggð. (Síðar Skógarberg.)

Dagmálaborg. Úr landi Skútustaða í Skútustaðahreppi.

Grænhólar. Úr landi Fljótshóla II og III í Gaulverjabæjarhreppi.

Gýgjarhólskot III. Úr landi Gýgjarhólskots II í Biskupstungnahreppi / Bláskógabyggð.

Hraunbrún. Úr landi Grásíðu í Kelduneshreppi.

Péturshólmi. Úr landi Búlands í Austur-Landeyjahreppi / Rangárþingi eystra.

Rjóður. Úr landi Köldukinnar í Holta- og Landsveit / Rangárþingi ytra.

Suðurgafli. Úr landi Haukadals II í Biskupstungnahreppi / Bláskógabyggð.

Svangrund. Úr landi Sölvabakka í Engihlíðarhreppi / Blönduóssbæ.

Þjóðólfshagi III. Úr landi Þjóðólfshaga I í Holta- og Landsveit / Rangárþingi ytra.

Árið 2002 fjallaði örnefnanefnd enn fremur um og féllst á beiðnir um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum, samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum:

Lerkihlíð. Áður Grýtubakki III, í Grýtubakkahreppi.

Mælifellsá. Áður Syðri-Mælifellsá II, í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Reykhóll. Áður Reykir II, í Skeiðahreppi / Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skógarberg. Áður (2002) Berghóll, í Biskupstungnahreppi / Bláskógabyggð.

*Örnefnanefnd, 31. desember 2002.*

**Ari Páll Kristinsson.**